

1. Mannamál - Dýramál

Kafli 1 býður upp á skemmtilegar umræður um tjáningu dýra. Nokkur dæmi eru nefnd í bókinni, þ.á.m. býflugnadansinn. Með því að slá inn *bee dance* á youtube.com er hægt að finna myndbönd sem sýna slíkan dans.

Ýmislegt er til um tilraunir manna til að kenna öpum mannamál. Hægt er að nota sem ítarefni skemmtilega grein um apa sem er að finna í tímaritinu *Lifandi vísindum* nr. 11, 1998. Á youtube.com má svo finna ýmis myndbönd um til dæmis górálluna Koko og bonobo-ápann Kanzi sem hafa að einhverju leyti lært að skilja orð og að tákna ýmislegt.

Hópverkefni með kafla 1

Hópur 1:

Hljóðgervingur er orð sem líkir eftir hljóðum úr náttúrunni, sbr. *voffi* og *sussa*. Finnið eins mörg dæmi um hljóðgervinga og þið getið, bæði í íslensku og öðrum tungumálum. Eru öll orðin sem þið finnið viðurkennd orð? Veltið til dæmis fyrir ykkur hljóðgervingi eins og *bra bra*. Eru þetta viðurkennd orð? Ef svarið er neitandi, takið dæmi og rökstyðjið. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með.

Svar:

Fleiri dæmi um íslenska hljóðgervinga: krunka, mjálm, hvæs, urra, babl, dingla, klikk, gagga, bíp, smjatta.

Dæmi um enska hljóðgervinga: ding dong, cough (hósti), murmur (muldur), rour (öskur).

Dæmi um danska hljóðgervinga: at hikke (hiksta), at mjave (mjálma).

Dæmi um franska hljóðgervinga: babiller (babbla), miauler (mjálma).

Það er ágætt að benda nemendum á að slá inn enska orðið yfir hljóðgervinga, þ.e. *onomatopoeia*, á google-leitarsíðunni til að fá upp ýmsar netsíður um hljóðgervinga.

Hópur 2:

Látið ykkur detta í hug eins mörg orð yfir dýrahljóð og þið getið, sbr. *mjá*, og skrifið þau niður. Aflið ykkur síðan upplýsinga um það á netinu hvort samsvarandi orð yfir dýrahljóð eru notuð í öðrum tungumálum. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með. Þið getið til dæmis skoðað þessar netsíður:

<http://www.eleceng.adelaide.edu.au/personal/dabbott/animal.html>

<http://www.laits.utexas.edu/hebrew/personal/language/animals/sounds.html>

Svar:

Í verkefninu er bent á netsíður í bókinni sem gott er að nota.

Hópur 3:

Farið inn á netið og leitið í leitarvélinni google.is að orðinu *homo sapiens*. Veljið ykkur einhver atriði sem eru áhugaverð, og vonandi skemmtileg, og skrifið þau niður. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með.

Svar:

Í verkefninu velja nemendur sjálfir atriði til að fjalla um í tengslum við *homo sapiens*.

Hópur 4:

Margir sem eiga gæludýr eru sannfærðir um að þau geti tjáð meira en frumparfir. Hvað teljið þið að þau geti hugsanlega tjáð umfram það og hvernig fara þau að því? Nefnið eins mörg dæmi og þið getið. Þið getið líka prófað að leita fyrir ykkur á netinu. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með.

Svar:

Nemendur þekkja eflaust mörg dæmi um það að gæludýr geti sýnt merki um ýmsar tilfinningar. Auk þess að leita fyrir sér á netinu gætu nemendur spurt aðra í bekknum því að eflaust eiga einhverjir gæludýr. Það gæti líka verið sniðugt að hópur 4 samanstæði af nemendum sem eiga gæludýr eða hafa umgengist mikið dýr.

Hópur 5:

Farið inn á netið og leitið í leitarvélinni google.is að orðinu *simpansi*. Veljið ykkur einhver atriði sem eru áhugaverð, og vonandi skemmtileg, og skrifið þau niður. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með.

Svar:

Í þessu verkefni er hægt að nota síðu um simpansa sem er að finna á

Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=2358>

Nemendur geta auk þess fundið margt fleira skemmtilegt um simpansa á netinu. Ef tími gefst til gætu nemendur líka farið inn á youtube.com og fundið skemmtilegt myndband með simpönsum.

Hópur 6:

Aflið ykkur upplýsinga um mannsheilann. Veljið efnisatriði um hann sem ykkur finnst áhugaverð og skrifið þau niður. Látið lýsandi myndir sem þið finnið á netinu fylgja með.

Svar:

Ýmsar greinar um mannsheilann er til dæmis að finna á Vísindavefnum.

2. Máltaka barna

Í tengslum við máltökuna getur verið skemmtilegt að láta nemendur vinna litlar rannsóknir á máltöku barna. Þeir geta til dæmis skoðað framburð og hvaða hljóð börn eiga erfitt með að mynda, beygingu sagna og myndun fleirtölu.

6. nóvember 2009 birtist eftirfarandi frétt á vef RÚV og er skemmtilegt að benda nemendum á þetta í tengslum við máltökuna (<http://www.ruv.is/heim/frettir/frett/store64/item310420/>):

Nýburar gráta á móðurmálinu, eða að minnsta kosti er hrynjandi kjökursins sú sama og hrynjandi móðurtungunnar. Þetta staðhæfa sérfræðingar Háskólans í Wurtzburg í Þýskalandi. Þeir segja rannsókn sína benda til þess að börn nemi hljómfall málsins strax í móðurkviði og byrji því að taka út málþroska fyrir fæðingu. Sérfræðingarnir hljóðrituðu grát 60 kokhraustra myndarbarna, 3-5 daga gamalla, 30 þýskra og 30 franskra. Ekki hafi farið milli mála hverjir voru af hvoru þjóðerni í þessum hópum.

Grátur frönsku nýburanna hafi verið stígaði, nokkurs konar öfugir söngliðir, eins og framburður franskra tungu. Jafnaldrar þeirra austan landamæra grétu hins vegar í réttu, hnígandi hljómfalli, áherslan á upphafið, eins og tíðkast í þýsku.

Verkefni með kafla 2.1

1. Hvernig tókst Eimas og félögum að kanna það hvort börn gætu skynjað greinarmun á máhljóðum? Dettur ykkur einhver önnur leið í hug en þeir fóru?

Svar: Þeir nýttu sér sögbörf ungbarna því að vitað er að ungbörn sjúga ákafar ef eitthvað sérstakt grípur athygli þeirra. Þeir tengdu því snuð við mælitæki og þegar ungbarnið jók sögið gaf það til kynna að barnið greindi það þegar eitt máhljóð tók við af öðru. Með heilaskanna er ef til vill hægt að athuga virkni í heila ungbarna þegar þau heyra mismunandi máhljóð.

2. Hvers vegna eiga ung börn mjög auðvelt með að tileinka sér máhljóð, áherslur og tónfall í nýju tungumáli?

Svar: Ungbörn eru mjög næm á máhljóð, tónfall og áherslur sem gerir það að verkum að þau ná t.d. hreim erlendra tungumála oft mun betur en þeir fullorðnu.

3. Finnið dæmi um orð eða stuttar setningar sem geta misskilist ef einstaklingur á í vandræðum með að bera fram ákveðin málhjóð í öðru tungumáli, sbr. Japani sem segði *flight lice* (*fried rice*) og Frakki sem segði *frumur og eldingar* (*brumur og eldingar*).

Svar:

Þangið er gott. Frakki: Fangið er gott.

Hann þagnar ekki. Frakki: Hann fagnar ekki.

Hún sýndi mikið þor. Frakki: Hún sýndi mikið for.

Við ætlum að þræða göturnar. Frakki: Við ætlum að fræða göturnar.

Það kom mikill ropi. Japani: Það kom mikill lopi.

Hvaða rás? Japani: Hvaða lás?

Á að breyta? Japani: Á að bleyta?

Ábending:

Gott er að láta nemendur finna dæmi í hópum. Síðan er hægt að safna dæmunum saman á töflu. Einnig gæti verið skemmtilegt að finna dæmi á youtube.com um framburð Japana sem talar erlent mál, t.d. ensku.

4. Semjið 1-2 málsgreinar á ensku og reynið að átta ykkur á því hvaða orð Íslendingar bæru helst fram með íslenskum hreim og hvers vegna svo væri. Semjið 1-2 málsgreinar á íslensku og skoðið það sama með enskumælandi einstakling.

Svar:

Dæmi um setningu á ensku: *Can I help you with the reading.*

Íslendingur myndi ef til vill hafa *l* í *help* óraddað vegna þess að *l* á undan *p* í íslensku er óraddað nema í rödduðum framburði.

Í íslensku er ekki til kringt hljóð sem samsvarar *w* í orðinu *with* og því myndi

Íslendingur ef til vill nota einhvers konar *v*-hljóð.

Í ensku er *r* myndað á annan hátt en í íslensku. *r*-ið okkar myndast þannig að tungan sveiflast framarlega í munnum en í ensku er tungan aftar og sveiflast ekki þegar hljóðið er myndað. Einhverjir myndu eflast nota „íslenskt“ *r* í orðinu *reading*.

Dæmi um setningu á íslensku: *Barnið hefur safnað mörgum boltum.*

Enskumælandi einstaklingurinn myndi eflaust bera *r*-in fram á annan hátt (sbr. umfjöllun í dæminu á undan).

Þegar *f* stendur milli tveggja sérhljóða í íslensku myndum við *v*-hljóð en ef sá enskumælandi veit það ekki myndi hann bera fram skýrt *f*.

Í orðinu *safnað* breytist *fn* í *bn* í framburði en sá enskumælandi bæri líklega fram *fn*.

Bókstafurinn *ð* er ekki til í ensku og því gæti hann ef til vill orðið að *d* í framburði.

Bókstafurinn *ö* er heldur ekki til og því gæti hann ef til vill orðið að *o* í framburði.

Í orðinu *bolti* er / óraddað í framburði Íslendinga (nema í rödduðum framburði) en í ensku er / á undan *t* raddað og því gæti sá enskumælandi raddað /-ið.

Ábending:

Í þessu verkefni væri sniðugt að nota setningarnar hér að ofan (eða aðrar sem kennari ákveður) og láta nemendur skoða þær einstaklingslega eða í hóp og komast að niðurstöðu. Síðan er hægt að bera niðurstöðurnar saman og ræða þær.

Verkefni með kafla 2.2

1. Hver er munurinn á ómeðvitaðri máltöku annars vegar og meðvituðu málfræðinámi hins vegar?

Svar: Ómeðvitað máltaka er sú þekking sem barn aflar sér við máltökuna og er það ferli áreynslulaust og gerist því sem næst sjálfkrafa. Hins vegar er talað um meðvitað málfræðinám þegar barn lærir að flokka þau þekkingaratriði sem það hefur lært við máltökuna. Meðvitað málfræðinám á sér yfirleitt stað í skóla, til dæmis þegar orðaforði máls er flokkaður í orðflokka.

2. Veiku sagnirnar í íslensku eru mun fleiri en sterku sagnirnar. Í gegnum tíðina hafa einhverjar sagnir færst úr sterka flokknum yfir í þann veika. Þetta eru til dæmis sagnir eins og *hjálpa*, *verpa* og *gala*.

a. Hvernig haldið þið að þær hafi verið í 2. kennimynd (þ.e. í þt. et.) þegar þær beygðust eftir sterkri beygingu.

Svar:

hjálpa - hjalp; verpa - varp; gala - gól.

b. Hvers vegna haldið þið að þessar sagnir hafi flutt sig yfir í veika flokkinn?

Svar: Sennilega vegna þess að þær hafa ekki verið algengar. Margar af þeim sögnum sem eru sterkbeygðar í íslensku eru mikið notaðar í málinu og því auðveldara að læra að þekkja beygingu þeirra. Veika beygingin er hins vegar „auðveldari“ en sú sterka og þess vegna hafa ofanefndar sagnir líklega fengið þá beygingu.

c. Hvers vegna hafa ekki allar, eða velflestar, sterkar sagnir „smitast“ af veiku beygingunni fyrst hún er svona miklu algengari auk þess sem hún er mun auðveldari en sú sterka?

Svar: Vegna þess að margar sagnir sem eru sterkbeygðar eru algengar í málinu og því er alltaf verið að beygja þær. Þannig viðhelst beygingin.

3. Tínið til nokkrar sagnir sem þið teljið algengt að börn beygi á rangan hátt í 1. persónu, eintölu, þátíð, sbr. skjóta – skjótti, taka – takaði. Athugið að börn nota einnig stundum ranga beygingarendingu þegar um veikar sagnir er ræða, sbr. hafa – hafaði, leiða – leiðaði. Tínið líka til slík dæmi.

Svar:

Dæmi um sagnir sem börn beygja rangt:

láta - látti; fara - faraði; byggja - byggjaði; búa - búði; lesa - lesaði.

Ábending:

Upplagt er að athuga hvort nemendur geti hlustað eftir þessu hjá börnum í kringum sig og komið svo með raunveruleg dæmi.

4. Orð sem standa ein, eða eru fámenn í flokki, eiga í vök að verjast hvað varðar beygingu. Dæmi um orð af þessu tagi er *kýr – kú – kú – kýr* og *ær – á – á – ær*. Ýmsir forðast að nota þessi orð og grípa þá til orða eins og *belja* og *kind*. Ímyndið ykkur að tveir möguleikar (a og b) væru í boði í framtíðinni með orðið *kýr*.

- Möguleiki **a** væri sá að smám saman myndu menn hætta að nota orðið og styddust eingöngu við orðið *belja*.
- Möguleiki **b** væri sá að viðurkenna þá beygingu á orðinu sem margir nota, þ.e. að beygja það eins og orðið *brú* (þ.e. **kú – *kú – *kú – *kúar*).

Hvorn möguleikann mynduð þið fremur aðhyllast? Rökstyðjið svar ykkar.

Svar:

Til að rökstyðja möguleika **a** gætu nemendur nefnt að til er samheiti og því óþarfi að halda í orð sem hafa svo sjaldgæfa beygingu eins og *kýr* og *ær*.

Til að rökstyðja möguleika **b** gætu nemendur nefnt að eðlilegast sé að orð sem tilheyra beygingarflokki sem er fámennur færi sig í annan, sérstaklega þar sem margir eru farnir að beygja orðið á þann hátt.

Ábending:

Með þessu verkefni væri hægt að hafa litla rökræðukeppni þar sem helmingur nemenda aðhyllist möguleika **a** og hinn **b**. Nemendum er skipt í hópa (t.d. gætu þrír hópar aðhyllst möguleika **a** og þrír **b**). Síðan gætu hóparnir sem aðhyllast sama möguleika borið sig saman, sett saman bestu rökinn og látið einn fulltrúa flytja örræðu.

5. Hvað er einkennandi fyrir eftirfarandi samtal sem átti sér stað milli mæðgna:

Móðir: Heldurðu að það sé hundur þarna?

Dóttir: Nei, hún á engan hund.

Móðir: Heldurðu að það sé köttur þarna?

Dóttir: Nei, hún á engan kött.

Móðir: En heldurðu að það sé hamstur þarna?

Dóttir: Nei, hún á engan hamst.

Svar: Barnið alhæfir þolfallsendinguna (án endingar) í karlkyni eintölu og segir því *hamst* í stað *hamstur* því að þegar nefnifallsendingin er *-ur* er algengt að slík orð séu endingarlaus í þolfalli. Sú er hins vegar ekki raunin með orðið *hamstur* því að það er í þolfalli *hamstur* og er beyging orðsins því undantekning frá „reglu“ barnsins.

Ábending:

Nemendur gætu fundið fleiri nafnorð sem líklegt er að börn beygðu á rangan hátt.

6. Til hvers notar barnið hjalið?

Svar: Barnið leikur sér að hljóðunum. Með því að hlusta á eigið hjal lærir það smám saman að búa til ný og ný hljóð.

7. Um hvað eru fyrstu orð barna um allan heim? Hver eru helstu „umræðuefni“ barnanna?

Svar: Um helmingur orðanna er um alls kyns ápreifanlega hluti eins og mat og dót. Hinn helmingurinn samanstendur af orðum yfir aðgerðir og hreyfingu. Dæmi: *upp*, *borða*, *vilja*, *já*.

8. Hvers vegna teljið þið að börn skilji lengi vel miklu meira en þau geta tjáð með orðum?

Svar: Á ákveðnu skeiði eru þau ekki orðin fær um að mynda öll hljóð og hljóðbrigði en hafa hins vegar heyrt mál lengi og skilja því meira en þau geta tjáð.

9. Hvað er átt við með hugtakinu *máltökuskeið* eða *markaldur* og yfir hvaða tímabil nær það?

Svar: Það tímabil þegar hugurinn er virkastur í að læra mál. Þá er talað um tímabilið frá fæðingu fram að kynþroska. Nýjar rannsóknir benda þó til þess að þetta skeið endi mun fyrr.

10. Hvers vegna teljið þið að börn sem hafa alist upp í einangrun fram að kynþroska geti náð einhverjum tókum á framburði og orðaforða með markvissri þjálfun en eigi hins vegar í mun meiri vandræðum með að ná tókum á setningagerð, sbr. Chelsie og Genie?

Svar: Setningagerð er flókið fyrirbæri og byggist á því að þekkja orð og vita hvernig má raða þeim saman. Barn sem elst upp við mál frá upphafi fær smám saman á tilfinninguna hvaða reglur gilda. Það er hins vegar mun erfiðara fyrir fólk sem fer á mis við máltökuskeiðið. Auðveldara er þá að kenna viss hljóð og það hvað einstök orð merkja.

Verkefni með kafla 2.3 og 2.4

1. Skilgreinið hugtökin *langsniðsathugun* og *þversniðsathugun*.

Svar:

Langsniðsathugun: Fylgst er með barni í langan tíma og tal þess er tekið upp með ákveðnu millibili. Þess er gætt að barnið verði ekki þvingað í rannsóknaraðstæðum.

Þversniðsathugun: Sérstamin próf eru lögð fyrir stóran hóp barna á ákveðnu aldurskeiði með það fyrir augum að kanna ákveðin atriði í máli þeirra.

2. Hvers vegna notuðu þeir Indriði, Jón og Ásgeir bullorð í rannsókn sinni á því hvernig börn mynda fleirtölu orða?

Svar: Til þess að fyrirbyggja að börn notuðu einungis fleirtölubeygingu sem þau höfðu hugsanlega lært utanbókar. Þá gátu þeir líka séð hvaða beygingar börnin notuðu einna helst.

3. Vinnið eftirfarandi verkefni í 4 manna hópum.

- Búið til 9 bullorð (no.) og myndið af þeim fleirtölu. Nýtið ykkur öll kynin.
- Hver hópur fær bullorð annars hóps í eintölu og á að mynda af þeim fleirtölu.
- Berið saman hvort hóparnir mynda fleirtöluna á sama hátt.

Svar:

Dæmi sem hægt væri að sýna nemendum:

kk.: ramur, króll, krökkur kvk.: flók, þalda, faga hk.: horð, svot, fal.

4. Hvaða samhljóð eru samkvæmt fræðimönnum auðveldust fyrir börn að læra? Hvaða samhljóð eru þeim erfiðari? Reynið að færa rök fyrir því hvers vegna tiltekin samhljóð eru þeim auðveld og hvers vegna önnur eru þeim erfiðari.

Svar: Hljóðin *m*, *b* og *d* eru börnum auðveldust. Einfalt er að mynda hljóð eins og *m* og *b* því að við myndun þeirra er munnurinn lokaður og tungan hreyfingarlaus. Börn eiga hins vegar mun erfiðara með að mynda hljóð eins og *s* og *r*. Við myndun *r* þarf til dæmis ákveðna „tunguleikni“ því að tungan þarf bæði að vera á réttum stað og sveiflast á ákveðinn hátt. Við myndun *s* þarf að ná ákveðnu blásturshljóði sem reynist börnum oft erfitt.

5. Hvers vegna er skynsamlegt að hlúa sem best að móðurmáli barna þegar þau þurfa að takast á við annað mál þegar þau hefja nám í skóla?

Svar: Komið hefur í ljós að börnum sem fá samhliða kennslu í móðurmáli sínu gengur mun betur í námi en þeim sem fá hana ekki.

6. Hvað merkir *virkt tvítyngi*?

Svar: Þegar barn lærir tvö tungumál á barnsaldri og notar þau jöfnum höndum í uppvextinum.

Hópverkefni með kafla 2

Þessi verkefni bjóða upp á að nemendur fari aðeins dýpra í tiltekin efni og kynni þau jafnframt fyrir samnemendum sínum.

3. Ágrip af hljóðfræði

Í þessum kafla er einungis stiklað á stóru í hljóðfræði og hljóðkerfisfræði. Honum er ætlað að gefa nemendum innsýn í þau fræði en hægt er að benda þeim á *Tungutak - Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði handa framhaldsskólum* þar sem farið er mun ítarlegar í efnið. Þó að nemendum sé ekki kennd hljóðritun í þessum kafla gæti verið skemmtilegt að sýna þeim hljóðrituð dæmi (íslensk og erlend) og kenna þeim jafnvel að hljóðrita nafnið sitt. Það væri einnig hægt að ljósrita fyrir þau síðu úr orðabók, t.d. enskri, og láta þau skoða hljóðrituð orð sem þar eru.

Verkefni með kafla 3

1. a) Gerið tilraun til að skrifa eftirfarandi málsgreinar upp eftir framburði.

Guðný staflaði upp bókunum.

Árni hefur oft sleppt því að mæta í skólann.
Okkur finnst mikill fengur í þessum körlum.

Svar:

Guðný staflaði upp bókunum. = Gvuðný sdabblaði uhb bógonum/bókonum.

Árni hefur oft sleppt því að mæta í skólann. = Árdni/Ádni hefur ofd sdlefd því a(ð)
mæda/mæta í sgólan.

Okkur finnst mikill fengur í þessum körlum. = Ohgur finsd migjidl/mikjidl/ feíngur í
(þ/ð)essum kördlum/ködlum.

b) Berið ykkur saman við bekkjarfélagana og athugið hvort þið eruð sammála.

2. Segið hljóðin sem undirstrikuðu bókstafirnir í orðunum standa fyrir og reynið að
átta ykkur á því hvort þau eru rödduð eða órödduð hljóð.

Svar:

<u>b</u> all => óraddað	te => raddað
h <u>a</u> rt => óraddað	sa <u>l</u> a => raddað
sk <u>a</u> fa => raddað	h <u>ú</u> s => raddað

3. Hvers vegna getur verið gott að kunna hljóðritun?

Svar: Það getur komið sér vel þegar menn læra nýtt tungumál og þurfa að tileinka
sér framburðinn. Auk þess eru dæmi gjarnan sýnd með hljóðritun þegar rætt er til
dæmis um máltöku og framburðarmállýskur.

Ábending:

Þegar fjallað er um hljóðfræði getur verið gaman að sýna til dæmis hvernig
raddböndin virka. Ýmis myndskreið er að finna á youtube.com ef slegið er inn *vocal
cords*. Nemendur geta líka reynt að átta sig á því hvaða hljóð eru notuð í þeim
erlendu málum sem þeir þekkja en ekki í íslensku og öfugt.

4. Mállýskur

Í þessari bók er sjónum fyrst og fremst beint að félagslegum mállýskum er taka til
dæmis til stétta, kynja o.fl. Í henni er einungis stiklað á stóru um íslensku
framburðarmállýskurnar en hægt er að fjalla ítarlegar um þær og þá er upplagt að
nota vefinn mallyskur.is þar sem meðal annars er að finna framburðardæmi allstaðar

að á landinu. Einnig er hægt að skipta nemendum í hópa þar sem hver hópur aflar sér upplýsinga um ákveðna framburðarmállýsku og gerir grein fyrir henni.

Verkefni með köflum 4.1 og 4.2

1. Í hverju getur mállýskumunur verið fólgin?

Svar: Mállýskumunur getur til dæmis verið fólgin í framburði, setningagerð, orðavali og mismunandi beygingum.

2. Hvað er málsnið? Nefnið dæmi um það hvenær þið notið mismunandi málsnið.

Svar: Orðið *málsnið* merkir það að fólk lagar mál sitt að mismunandi aðstæðum. Nemendur geta velt því fyrir sér hvort þeir noti mismunandi málsnið þegar þeir ræða við kennara sína, vini, lítil börn og gamalt fólk. Einnig notum við oft annað málsnið í rituðu máli. Í því samhengi er upplagt að láta nemendur skoða það málsnið sem notað er í netheimum og smáskilaboðum.

3. Nefnið dæmi um orð (önnur en þau sem nefnd eru í bókinni) sem þið vitið að eru borin fram á ólíkan hátt eftir framburðarmállýskum.

Svar:

Harðmæli: fata, strákur

Raddaður framburður: stelpa, hanki

ngl-framburður: englar, söngla

bð-/gð-framburður: hafði, sagði

Vestfirskur einhljóðaframburður: banki, lengi

hv-framburður: hver, hvalur

skaffellskur einhljóðaframburður: hugi, bogi

4. Takið afstöðu með eða á móti því að barist var gegn flámælinu. Færið rök fyrir máli ykkar.

Svar:

Rök með því að útrýma flámæli: Í flámælinu féllu hljóð saman og þar af leiðandi sum orð, sbr. *flugur* og *flögur*. Margir töluðu um hljóðvillu. Segja má að litið hafi verið á flámælið sem lágstéttarmál og notkun þess ýtti því undir stéttaskiptingu. Flámælið hélst ekki í hendur við stafsetningu.

Rök á móti því að útrýma flámæli: Fólk á að bera virðingu fyrir öðrum framburði en þeirra eigin og fordæma ekki þá sem eru öðruvísi. Forðast skal að reyna að steypa alla í sama mót. Það er jákvætt að leyfa málinu að þróast og þvinga það ekki í farveg sem allir verða að fara eftir.

Ábending:

Spurningu fjögur mætti snúa upp í stutta rökræðukeppni.

5. Finnið að minnsta kosti **fimm** dæmi um það að þið notið annan framburð, aðra setningagerð, annan orðaforða eða aðra beygingu en aðrir í kringum ykkur.

Svar:

Skemmtilegt er að nota þau dæmi sem nemendur finna í umræður.

Verkefni með kafla 4.3

1. Hvað eru svokölluð úrdráttarorð? Búið til dæmi um það hvernig þau geta birst í samtali.

Svar: Þá eru ákveðin orð eins og *svona*, *eiginlega* og *þú veist* notuð til að draga úr því sem sagt er. Dæmi: Hann er *eiginlega* frekar lítill. Ég get *eiginlega* ekki gert þetta fyrir þig. Mér líður *svona* frekar illa. *Æ*, veistu, ég held ég komist ekki.

2. Hvað eru halaspurningar? Hvaða ástæður geta verið fyrir því að konur noti þær frekar en karlar?

Svar: *Halaspurningar* eru spurningar sem bætt er aftan við spurningu, t.d. *er það ekki?* Halaspurningar hafa þótt benda til óöryggis í samtölum og að viðkomandi vilji þá staðfestingu á því sem sagt er. Ýmsir telja þó að slíkar spurningar séu notaðar til að hleypa öðrum að í samtali eða til að draga úr einhverju sem sagt er.

3. Búið til lista yfir 10 orð sem þið teljið konur nota frekar en karlar.

Svar: Gjarnan hefur verið talið að konur noti fleiri orð yfir liti en karlar, sbr. *karrýgulur*, *kóngablár*, *fölbleikur* og *rúbínrauður*. Hægt er að velta því fyrir sér hvort eftirfarandi orð séu frekar notuð af konum en körlum: *sjarmerandi*, *krúttlegur*, *blíður*, *kósí*, *huggulegur*, *smart* o.fl. Í þessu samhengi er líka hægt að velta því fyrir sér hvort notkun orðanna sem nemendur stinga upp á sé frekar aldursbundin en kynbundin.

4. Hvað er höggmæli og hvernig lýsir ks-framburður sér? Hvaða framburð notið þið þegar þið berið fram orðið *hugsa*?

Svar:

Höggmæli lýsir sér í því að borið er fram raddbandalokhljóð í staðinn fyrir ófráblásið lokhljóð. Þá er eins og viðkomandi „höggvi“ hljóðið fram.

ks-framburður lýsir sér í því að borið er fram uppgómmælt lokhljóð á undan s í stofni orðs þar sem aðrir bera fram uppgómmælt önghljóð. Þetta má heyra í orðum eins og *vaxa* og *hugsa*. Það er sniðugt að gera óformlega könnun á því hvaða framburð nemendur nota þegar þeir bera fram orðið *kex*.

5. Í RÍN (Rannsókn á íslensku nútímamáli) var kannað sannleiksgildi þess að unglingar væru óskýrmæltari en fullorðnir. Hvaða þrjú atriði voru skoðuð? Teljið þið ykkur að einhverju leyti tala á þann hátt sem gert er í dæmunum?

Svar: Brottfall eða veiklun önghljóða, brottfall eða veiklun nefhljóða og brottfall atkvæða.

6. Ímyndið ykkur að 14 ára unglingur sitji í kaffi hjá langömmu sinni. Búið til örstutt samtál á milli þeirra og hafið í því orð sem þið teljið að unglingurinn noti en langamma skilji ekki.

Svar: Þetta verkefni er gott að vinna í þörum eða litlum hópum. Hver hópur getur svo lesið upp samtalið og jafnvel leikið það.

Ábending: Hérna getur verið sniðugt að benda nemendum á eftirfarandi slóð en þar eru sviðsett samskipti unglingsstráks og afa. Þar má glögglega sjá hve ólíkt tungutak þeirra er. Strákurinn talar mjög óvandað mál við vini sína en á hins vegar í basli með að skilja tungutak afans. <http://www.youtube.com/watch?v=bTrMGT0YtVw>

7. Búið til stuttan texta í tveimur „útgáfum“ þar sem önnur útgáfan hentar vel í samtali við langömmu en hin í samtali við vin.

Svar: Þetta verkefni er gott að vinna í þörum eða litlum hópum. Hver hópur getur svo lesið upp samtalið og jafnvel leikið það.

8. Finnið fleiri dæmi um hið svokallaða rafmál en nefnd eru í kaflanum. Notið þið þessi dæmi sjálf?

Svar: Þetta verkefni er gott að vinna í þörum eða litlum hópum. Það er sniðugt að hópurinn skrifi síðan dæmin á töfluna og fái aðra í bekknum til að giska á hvað hvert dæmi þýðir.

9. Hvað einkennir cockney enskuna einna helst? Farið á netið og finnið a.m.k. 5 dæmi um cockney framburð.

Svar: Algengt er að hljóð falli brott og breytist jafnvel í önnur hljóð. Það ætti ekki að vefjast fyrir nemendum að finna dæmi á netinu.

Ábending:

Í tengslum við cockney-enskuna er gaman að minnast á svokallað *cockney rhyming slang* þar sem orðum er skipt út fyrir önnur sem þau ríma við. Dæmi:

trouble and strife = wife

apples and pears = stairs

Skemmtileg dæmi um þetta fyrirbæri má finna á youtube.com. Það getur verið sniðugt að sýna nemendum dæmi um *rhyming slang* og láta þá giska á merkinguna.

Ábending:

Á youtube.com má líka finna ýmis skemmtileg dæmi um mismunandi framburð Breta.

Ábending:

Skipta mætti verkefnum 5-9 á milli nemenda og láta síðan hvern hóp gera grein fyrir sínu verkefni.

10. Hvaða dæmi hafa fundist á Íslandi um það sem kalla mætti stéttbundinn mállýskumun?

Svar:

Rannsókn Ástu Svavarsdóttur 1980-81 meðal 11 ára barna leiddi í ljós að samband væri milli **þágufallshneigðar** barna og stéttarstöðu foreldra.

Í rannsókninni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* komu fram tengsl milli skólagöngu móður og skoðana unglunga á því hvort hægt væri að nota **nýju þolmyndina**.

Verkefni með köflum 4.4 og 4.5

1. Skoðið eftirfarandi setningar og takið afstöðu til þess hvort þær teljist rétt eða rangt mál. Veltið því líka fyrir ykkur hvort setningarnar sem þið teljið réttar séu gott eða vont mál og hvers vegna. Bekkurinn getur haldið málfund um efnið.

Keyptu miða fyrir mig.

Mér vantar nýjan kjól.

Mér finnst gaman að fara erlendis.

Ég er ekki að skilja þetta.

Ég vill ekki plockfisk.

Söngkonan er spennnt vegna ófrískunnar.

Mér finnst gaman að skíða í Bláfjöllum.

Hann tók mína bók.

Margir eru bíðandi eftir tækifærinu.

Svar:

Keyptu miða fyrir mig. Hægt er að halda því fram að hér sé um rangt mál að ræða þar sem þátíðarmynd sagnarinnar er notuð í nútíð. Ef nemendur eru beðnir um að slíta sögnina og persónufornafnið í sundur átta þeir sig yfirleitt á því, þ.e. **keyp þú*.

Mér vantar nýja kjól. Hér er um að ræða þágufallshneigð sem orðin er ansi almenn hjá málnotendum. Sumir vilja halda því fram að þetta sé orðið rétt mál þar sem svo margir nota þágufall í stað þolfalls í dæmum sem þessum. Síðan er auðvitað hægt að deila um hvort þetta sé gott eða vont mál!

Mér finnst gaman að fara erlendis. Í þessu tilfelli er staðaratviksorðið *erlendis* notað í stað forsetningarliðarins *til útlanda*. *Erlendis* er staðaratviksorð sem felur ekki í sér hreyfingu en málnotendur eru sennilega farnir að nota það á þennan hátt því að það er ekki til neitt sambærilegt atviksorð sem felur í sér hreyfingu, sbr. heim-heima, inn-inni, út-úti. Þegar nemendur eru beðnir um að skoða orðið *hérlendis* sem er í raun andstæðan við *erlendis* átta þeir sig á þessu þar sem fáir myndu sennilega samþykkja að *fara hérlendis*.

Ég er ekki að skilja þetta. Þessi málnotkun hefur verið að ryðja sér mjög til rúms á síðustu árum og er orðin tölvvert almenn, sérstaklega meðal ungs fólks sem yfirleitt samþykkir þessa setningagerð. Þegar dæmið er skoðað er sniðugt að velja vöngum yfir því hvort merkingarmunur er á *Ég er ekki að skilja þetta* og *Ég skil þetta ekki*. Svo er líka hægt að ræða um það hvort um sé að ræða einhvers konar einföldun á málinu þar sem ekki þarf að beygja aðalsögnina.

Ég vill ekki plokkfisk. Í þessu dæmi á sagnmyndin að vera *vil*. Þetta er orðin algeng málnotkun sem hægt er að rökræða um hvort sé rétt eða röng. Ef til vill er hér um að ræða áhrifsbreytingu þar sem sagnmyndin verður sú sama í 1. og 3. persónu eintölu en margar persónulegar sagnir beygjast á þann hátt. Svo má líka velja vöngum yfir því hvort sagnmyndin *vill* virki ákveðnari þegar málnotandi falast eftir því að fá eitthvað!

Söngkonan er spennt vegna ófrískunnar. Í þessu tilfelli er búið til nafnorðið *ófríska* úr lýsingarorðinu *ófrísk*. Í tengslum við það er hægt að fjalla um virka orðmyndun, á hvers konar hátt orð eru mynduð, hvað sé eðlilegt og hvað ekki. Einhverjum finnst þetta e.t.v. rétt orðmyndun en öðrum ekki. Ef forskeytinu er sleppt vilja þó sennilega fæstir mynda nafnorð af lýsingarorðinu!

Mér finnst gaman að skíða í Bláfjöllum. Flestir samþykkja eflaust þessa málnotkun og telja hana rétta þó að Íslendingar hafi frekar *rennt sér á skíðum* eða *farið á skíði*. Um er að ræða bein áhrif úr erlendum málum (*ens. to ski*) en erfitt er að færa rök fyrir því að þessi málnotkun sé beinlínis röng.

Hann tók mína bók. Í íslensku er venjan að hafa eignarfor nafn aftan við nafnorð og greini á nafnorðinu, **bókina mína**. Um er að ræða bein áhrif úr erlendum málum (ens. *my book*, dan. *min bog*) en þessi málnotkun er ekki orðin mjög almenn á Íslandi og eflaust flestir sammála um að þetta sé vont mál og jafnvel rangt.

Margir eru bíðandi eftir tækifærinu. Hér er lýsingarháttur nútíðar notaður í stað framsöguháttar. Um er að ræða bein áhrif úr enskunni þar sem þessi setningagerð er algeng (*many are waiting for the opportunity*). Það er e.t.v. erfitt að færa rök fyrir því að þessi málnotkun sé beinlínis röng en eflaust finnst mörgum þetta vera vont mál.

2. Tínið til 10 slettur sem þið notið dagsdaglega. Athugið síðan hvort nú þegar séu til íslensk orð sem hægt væri að nota í staðinn. Ef ekki, gerið, tilraun til að búa til íslensk orð.

Svar: Dæmi um slettur: meika, dissa, feik, pörfekt, breika, kúl, besservisser, treiler, hönk, búst.

3. Færið rök með og á móti því að reynt sé að stemma stigu við málbreytingum.

Svar:

Rök með: Tungumálið er stór hluti af þjóðararfinum. Íslenskan hefur lítið breyst í árána rás miðað við mörg önnur tungumál og eigum við því t.d. auðvelt með að lesa fornu handritin okkar. Það er auðveldara fyrir þjóð að halda sjálfstæði sínu ef hún á sitt eigið tungumál. Tungan þjappar þjóðinni saman og eflir samstöðu hennar.

Rök á móti: Tungumál eiga að fá að þróast. Stöðugt þarf að bæta við orðaforðann. Ekki er hægt að koma í veg fyrir erlend áhrif. Tungan verður meira í tengslum við alþjóðasamfélagið og reynsluheim ungs fólks. Það er mikið mál að þýða eða búa til nýyrði yfir allar nýjungar, sbr. í tölvuheiminum.

5. Tjáskipti manna

Í eðli sínu er tungumálið félagslegt fyrirbæri en þó sitja ekki allir við sama borð hvað það snertir. Sumir eru með skaddaðar málstöðvar í heila og geta þar af leiðandi ekki notað tungumálið á sama hátt og aðrir. Þeir sem eru heyrnarlausir (-skertir) nota táknmál til að tjá sig. Í kennslubókinni er fjallað um málstol og nokkra talgalla auk tákn máls en það er upplagt að láta nemendur kafa dýpra í efnið með því að afla sér viðbótarupplýsinga og kynna það í hópum fyrir samnemendum sínum.

Með vaxandi tölvusamskiptum er erfiðara um vik að nota líkamstjáningu og ræddblæ. Þá þarf hugkvæmni að koma til og það er áhugavert fyrir nemendur að skoða hvaða leiðir menn fara til að sýna líkamstjáningu í samskiptum á netinu, hvaða tilfinningar menn vilja helst tjá og hvernig þeir fara að því.

Verkefni með köflum 5.1-5.4

1. Í hvaða fjóra hluta skiptast heilahvelin?

Svar: Ennisblað, hvirfilblað, hnakkablað og gagnaugablað.

Ábending: Það er upplagt að sýna nemendum hvernig heilinn skiptist í þessa hluta. Hægt er að finna myndir af því á netinu.

2. a) Hvaða hlutverki gegna Broca-svæðið annars vegar og Wernicke-svæðið hins vegar?

Svar: Broca-svæðið gegnir mikilvægu hlutverki við alla málúrvinnslu og máltjáningu. Wernicke-svæðið er hins vegar mikilvægt fyrir málskilning, bæði á rituðu og töluðu máli.

b) Hvaða munur er á máli fólks sem hefur annars vegar orðið fyrir skaða á Broca-svæði og hins vegar fólki sem hefur orðið fyrir skaða á Wernicke-svæði?

Svar: Þeir sem orðið hafa fyrir skaða á Broca-svæði eiga erfitt með máltjáningu en þeir sem hafa orðið fyrir skaða á Wernicke-svæðinu eiga hins vegar erfitt með málskilning.

Ábending:

Með því að slá inn *Broca's aphasia* og *Wernicke's aphasia* inn á youtube.com má finna dæmi um fólk sem orðið hefur fyrir skaða á þessum svæðum í heilanum.

3. Gerið örstutta grein fyrir:

- a. Mállegu verkstoli
- b. Þvogli
- c. Stami

Svar: Mállegt verkstol: Framburðargalli sem lýsir sér í því að talfærin láta ekki að stjórn við að mynda málhjóð. Taltruflunin orsakast af einhvers konar heilaskaða. Framburðinn er erfitt að leiðrétta því að viðkomandi gengur illa að „finna“ hljóðin sem hann ætlar að bera fram.

Þvogli: Fólk verður óskýrt í tali vegna þess að vöðvar talfæra og öndunarfæra eru slappir og stirðir. Raddstyrkurinn verður við það oft minni en ella. Þvoglið orsakast af einhvers konar heilaskaða og fylgir oft heilalömunarsjúkdómum.

Stam: Einstök hljóð eða atkvæði, orð eða jafnvel setningahlutar eru endurteknir. Yfirleitt fylgir staminu spennan í öndunar- og talfærum.

Ábending:

Hérna er líka upplagt að fara inn á youtube.com og finna dæmi um þessa talgalla.

4. Færið rök fyrir því að táknmál sé „raunverulegt mál“.

Svar: Táknmál hvers tungumáls er sérstakt þó að táknmálin séu skyld og grundvallarmálfræðin að mörgu leyti lík. Táknmál eru sjálfsprottin og lúta sömu lögmálum og raddmálin. Þau verða til vegna þeirrar sammanlegu þarfar sem við öll höfum til að hafa samskipti okkar á milli. Táknmál breytast og þróast.

5. Hvaða munur er á uppbyggingu táknmáls og raddmáls?

Svar: Í stað hljóða er táknmál byggt upp af fimm þáttum, þ.e. handformi, hreyfingu, myndunarstað, afstöðu og munnhreyfingu. Einingarnar fimm eru í raun minnstu merkingargreinandi einingar táknmálsins. Fjöldi þeirra er takmarkaður en setningarnar geta verið óendanlega margar (líkt og í talmáli). Svipbrigði geta verið hluti af setningafræðilegum upplýsingum á meðan svipbrigði í talmáli tjá frekar einhvers konar tilfinningu.

6. Búið til örstutt samtal milli tveggja einstaklinga og notið til þess tilbúið táknmál. „Sýnið“ svo samnemendum samtalið og látið þá giska á hvað þið eruð að segja.

Svar: Þegar nemendur „sýna“ þetta verkefni er hægt að ræða um það hvað líkaminn „segir“ í raun mikið og hversu margt er t.d. hægt að tjá með svipbrigðum og líkamshreyfingum. Þá umræðu er síðan hægt að tengja við umfjöllunarefni næsta kafla.

Ábending:

Efni þessa kafla er hægt að skipta milli nemenda í hópum. Hver hópur býr til kynningu á sínum hluta, leitar jafnvel viðbótarupplýsinga um efnið og kafar þannig dýpra ofan í það.

Verkefni með köflum 5.5 og 5.6

1. Hvað gæti það merkt að nudda saman lófnum í samtali? En að spenna greipar? Finnið fleiri dæmi um látbragð sem getur táknað eitthvað.

Svar: Það að nudda saman lófnum gæti t.d. þýtt að viðkomandi lítist vel á eitthvað, t.a.m. mat sem er á boðstólnum. Þetta gæti líka fylgt orðum um að koma sér að verki. Ef viðkomandi spennir greipar gæti það þýtt von um eitthvað eða að viðkomandi sé að biðja um greiða. Fleiri dæmi um látbragð sem hægt er að velta vöngum yfir: strjúka sér um magann, setja hönd fyrir munn, teygja hendur upp í loft, skella sér á lær og velta þumlunum í hringi með spenntar greipar.

2. Sitjið tvö og tvö andspænis hvort öðru. Skiptist á að sýna einhver svipbrigði og reynið að geta ykkur til um hvað þau merkja.

Svar: Þegar þörin hafa lokið við að sýna svipbrigði og reyna að átta sig á þeim er upplagt að ræða innan bekkjarins hvað hvert og eitt þar gerði.

3. Semjið mjög stutt samtal milli tveggja einstaklinga. Setjið inn í samtalið eins mikið af látbragði og svipbrigðum eins og hægt er.

Svar: Þegar þörin hafa lokið við að vinna þetta verkefni getur verið skemmtilegt að láta hvert og eitt þar „sýna“ samtalið án þess að tala. Samnemendur geta síðan reynt að giska á um hvað samtalið snýst.

4. Farið inn á nokkrar bloggsíður og finnið tákni sem notuð eru í stað svipbrigða og látbragðs. Hvaða tákni finnið þið og hvað merkja þau?

Svar: Þetta verkefni geta nemendur unnið í þörum eða hópum. Hóparnir geta síðan borið saman bækur sínar í almennum umræðum.